



Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032

Breyting aðalskipulags: Breyting á landnotkun á landi Langholtskots og breyting megin reiðleiðar



14.10.2025

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið málsmeðferð
skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í
sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann

Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af
Skipulagsstofnun þann

Auglýsing um gildistöku birtist í B deild Stjórnartíðinda
þann

Efnisyfirlit

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur.....	1
1.1 Skipulagsgögn	1
2 Staðhættir og afmörkun skipulagssvæðis	1
2.1 Ný frístundabyggð.....	1
2.2 Ný megin reiðleið.....	4
3 Tengls við aðrar áætlanir.....	5
3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2 Sóknaráætlun Suðurlands	6
3.4 Aðalskipulag Hrunamannahrepps	6
3.4 Deiliskipulag	9
3.5 Minjar	9
3 Breyting á aðalskipulagi	9
4.1 Breytingar á uppdrætti	9
4.2 Breytingar á greinagerð	10
4.2.1 Frístundabyggð	10
5 Umhverfisáhrif	10
5.1 Valkostir.....	10
5.2 Umhverfispættir og áherslur.....	10
5.3 Mat á umhverfisáhrifum	14
5.3.1 Breytt skipulag	14
5.3.2 Gildandi skipulag (núll kostur).....	16
5.4 Niðurstaða og samantekt.....	16
6 Kynning, samráð og ferli	17
6.1 Umsagnaraðilar.....	17
6.2 Skipulagsferli	18
Heimildaskrá.....	19

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Gerð er breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhuguð breytingin á aðalskipulagi er tvíþætt. Annars vegar felur hún í sér breytingu á landnotkunarflokki hluta skipulagssvæðisins úr landbúnaðarlandi yfir í frístundabyggð. Hins vegar breytingu á legu megin reiðleiðar.

Fyrri hluti breytingarinnar er á landi Langholtskots (landnr. 166796). Skipulagssvæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í gildandi aðalskipulagi. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkunarflokki svæðisins, um 31 ha spildu, yfir í frístundabyggð, í samræmi við áætlanir landeiganda. Á svæðinu hefur landeigandi uppi áform um að útbúa lóðir fyrir allt að 15-20 frístundahús. Yrði þetta gert í 2-3 áföngum.

Síðari hluti breytingarinnar felur í sér að breyta legu megin reiðleiðar þannig hún liggi meðfram þjóðvegum 340, Auðsholtsvegi, og 341, Langholtsvegi, í stað þess að fylgja gamla konungsveginum sem liggur eftir Langholtsfjalli. Þessi partur megin reiðleiðar er einungis fær yfir hásumarið þar sem hann er niðurgrafinn moldarvegur á löngum kafla.

Er það vilji sveitarfélagsins, í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags, að skilgreina heldur reiðleið sem er á kafla sem nú þegar er til staðar meðfram fyrrnefndum þjóðvegum. Er það gert í því skyni að tryggja aðgengi hestamanna og ferðaþjónustuaðila að megin reiðleiðum allan ársins hring. Með því að færa legu megin reiðleiðar meðfram þjóðvegum er einnig gert ráð fyrir að reiðleiðin tryggi betri tengingu á milli bæjanna í suðurhluta sveitarfélagsins við Flúðir og nágrenni. Á því svæði má finna aukna þjónustu við hestamenn s.s. íþróttasvæði og reiðhöll hestamannafélagsins Jökuls.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdraetti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppdráttur í mkv. 1: 30.000
- Greinargerð þessi.

2 Staðhættir og afmörkun skipulagssvæðis

2.1 Ný frístundabyggð

Skipulagssvæðið er staðsett á jörð Langholtskots (landnr. 166796). Langholtskot er lögbýli og er búskapur á jörðinni í dag þ.e. nautgriparækt til kjötframleiðslu, sauðfjár- og hrossarækt. Skipulagssvæðið nær yfir 31 ha spildu sem afmarkast af landamerkjum


Ásatúns í suðri, skógræktargirðingu í vestri, skurði við mýrartún á sléttu neðan við malarkamb í norðri og túnholti í austri (sjá mynd 1). Landinu hallar til norðvesturs með mikið útsýni frá norðri til vesturs. Er um 25 metra hæðarmunur þar sem aðkomuvegurinn kemur að lóðunum og niður í mýrina að norðvestan verðu.

Í gildandi aðalskipulagi fellur skipulagssvæðið mest undir landbúnaðarflokka III og IV en einnig fellur lítill partur þess, tún sem er um 4 ha að stærð, undir landbúnaðarflokk I og ræktað land. Ekki er þó talið að um verulega skerðingu á ræktuðu landi sé að ræða þar sem túnið er í jaðri úrvals landbúnaðarlands og er í talsverðum halla á móti norðvestri (Sjá myndir 2 og 3). Við afgreiðslu skipulagslýsingar aðalskipulagsbreytingarinnar taldi skipulagsnefnd Hrunamannahrepps fyrirhuguð breyting svæðisins uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í stefnumörkun aðalskipulags.

Svæðið er ágætlega gróið. Vistgerðir á svæðinu skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar eru fyrst og fremst tún og akurlendi og eitthvað af Hraungambrauvist sem hefur lágt verndargildi á lista Bernarsamningsins og er mjög algeng og útbreidd vistgerð hér á landi. Hafa ber í huga nákvæmni kortlagningar vistgerða er lítil og miðast út frá skalanum 1:25.000. Svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis líkt og allt Suðurlandsundirlendið.

Aðkoma yrði um núverandi aðkomuveg að fyrrverandi námu frá Þjóðvegi 341, Langholtsvegi. Gera þarf nýjan veg innan frístundahverfisins. Nýr vegur mun liggja í jaðri lóðanna inni á núverandi tún að hluta. Ekki er þörf á nýju vatnsbóli fyrir svæðið, þar sem það mun tengjast vatnsveitu Flúða. Landeigandi Langholtskots hefur fengið vilyrði fyrir að tengjast hitaveitu Ásatúns, á nærliggjandi jörð. Heitt vatn frá Ásatúni þjónar í dag stórri frístundabyggð í nágreninu, Holtabyggð og Heiðarbyggð.


Fráveitumannvirki verða vönduð til þess að tryggja að ekki berist mengun í grunnvatn skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Gert er ráð fyrir að sameiginlegar rotþrær verði fyrir sem flestar lóðir, þ.e. rotþrær fyrir 3-4 hús í einu. Nánari skilmálar verða settir í deiliskipulag. Áfangaskipting og uppbygging frístundabyggðarinnar mun geta haft áhrif á þessa framkvæmd.



MYND 1 MÖRK NÝRRAR FRÍSTUNDBYGGÐAR F26



MYND 2 MÖRK SKIPULAGSSVÆÐISINS SÝND Á ÞRÍVÍDDARMÓDELI. HORFT TIL AUSTURS Í ÁTT AÐ FLÚÐUM (MYND: RAMMA.IS).




MYND 3 MÖRK SKIPULAGSSVÆÐISINS SÝND Á ÞRÍVÍDDARMÓDELI. HORFT TIL SUÐURS (MYND: RAMMA.IS)

2.2 Ný lega reiðleiðar

Ný reiðleið mun tengjast gildandi megin reiðleið á lóð Syðra-Langholts (sjá mynd 4). Mun hún liggja meðfram aðkomuvegi Syðra-Langholts, eftir Auðsholtsvegi (340), vestan megin, til norðausturs og fylgja síðan Langholtsvegi eftir gatnamót þessara tveggja þjóðvega. Við vestanverð lóðamörk Ásatúns færist reiðleiðin yfir þjóðvegin, sunnan megin Langholtsvegar, og sameinast aftur gildandi megin reiðleið við aðkomuveg Ásatúns.

Vegagerðin stóð straum af undirbúningi reiðvegar meðfram þessum vegkafla, frá Ásatúni að Syðra-Langholti. Í dag er leiðin er reiðfær en enn á eftir að ljúka framkvæmdum með lagningu slitlags á reiðleiðina.



MYND 4 LEGA NÝRRAR MEGIN REIÐLEIÐAR (SÝND SEM GUL PUNKTALÍNA). MEGIN REIÐLEIÐ TÁKNUÐ SEM HVÍT HEIL LÍNA SEM FER MEÐFRAM KONUNGSVEGI, Á MILLI LANGHOLTSKOTS OG SYÐRA-LANGHOLTS, FELLUR ÚR FLOKKNUM „MEGIN REIÐLEIÐ“ Í AÐALSKIPULAGI.

3 Tengls við aðrar áætlanir

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu í skipulagsmálum fyrir landið í heild til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnýtingu. Stefnan snertir á ýmsum lykilviðfangsefnum s.s. viðbrögðum við loftslagsbreytingum, jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæða í byggðu umhverfi, landnotkun í dreifbýli og skipulagi haf- og strandsvæða.

Framtíðarsýn stefnunnar er svo hljóðandi: „Skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum fólks, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“ Til þess að uppfylla hana hafa stjórnvöld sett sér þrjú yfirmarkmið í skipulagsmálum:

- A. Vernd umhverfis og náttúru.
- B. Velsæld samfélags.
- C. Samkeppnishæft atvinnulíf.

Að vinna að kolefnishlutleysi og markvissum samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda eru lykilaðgerðir í markmiðinu *vernd umhverfis og náttúru*, þar sem stefnt er að tryggja heilnæmt umhverfi, varðveislu víðerna og náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Til þess að framfylgja markmiðinu um *velsæld samfélagsins* er annars vegar lögð áhersla á aðlögun að loftslagsbreytingum og hins vegar á að tryggja gæði hins byggða umhverfi.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* byggir á ýmsum áherslum. Kolefnishlutleysi og aukin kolefnisbinding eru í forgrunni, með áherslu á sjálfbæra nýtingu vatns og lands. Sjálfbær uppbygging atvinnulífs og ferðaþjónustu eru aðrar lykiláherslur, ásamt orkuskiptum sem stuðla að minni losun. Þá er lögð áhersla á fjölbreytta, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands til að tryggja vöxt atvinnulífsins á sjálfbæran hátt.

3.2 Sóknaráætlun Suðurlands

Í núverandi Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 eru eftirfarandi megináherslur dregnar fram:

- *Umhverfi*: Aukin umhverfisvitund íbúa Suðurlands svo kolefnisspor okkar dragist saman
- *Samfélag*: Bætt menning, velferð, menntun og samstarf svo **lífsgæði eflist og mannlíf á suðurlandi blómstri.**
- *Atvinna og Nýsköpun*: Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni nýsköpun, framleiðni og **fjölbreyttari atvinnutækifærum.**

3.4 Aðalskipulag Hrunamannahrepps

Í gildi er Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Hér á eftir er umfjöllun í gildandi aðalskipulagi varðandi þá þætti sem við eiga við vegna breytingar á aðalskipulagi. Í meginstefnu aðalskipulags, samræmast eftirfarandi atriði vel fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu:

- Efla atvinnulíf og bæta möguleika landeigenda til **fjölbreyttrar landnýtingar**. Stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum.
- Stuðla að endurheimt landgæða með gróðurvernd og landgræðslu og **að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.**
- Stuðla að bættum möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, **reið** og reiðhjólaleiðum.

Í kafla 2.2.1 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **landbúnaðarland**:

- Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu.
- Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaðar verði eflður sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Áfram verði lögð áhersla á að ásýnd bújarða og mannvirkja styðji við jákvæða ímynd íslensks landbúnaðar.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Skógrækt verði eflð til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta, en jafnframt forðast að setja gott landbúnaðarland undir samfellda skógrækt.
- Landnýting verði í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki með ofbeit, mengun eða á annan hátt.
- Forðast skal uppskiptingu bújarða, sérstaklega uppskiptingu á góðu akuryrkjalandi í flokki I og II.
- Stefnt að endurheimt landgæða á illa förnum svæðum. Vinna skal að því að létta beit af landsvæðum þar sem rof á landi er verulegt. Skal að því stefnt að skilja slík svæði frá landi þar sem ástand er betra og enn fremur að bæta ástand gróðurs á illa förnum svæðum sem liggja að grónu landi.

Í samnefndum kafla eru eftirfarandi **leiðir** gefnar upp til þess að framfylgja stefnunni:

- *Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott akuryrkjaland til matvælaframleiðslu til framtíðar*
- *Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki m.a. til að nýta samgöngu- og veitukerfi.*
- *Byggingar, samfelld skógrækt o.fl. sem hamlar ræktunarmöguleikum er að jafnaði ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (flokkur I og II) eða verndarsvæðum, en getur eftir atvikum verið í jaðri svæðanna eða þar sem sýnt er fram á að flokkun lands er önnur en gengið er út frá í aðalskipulagi.*
- *Ný íbúðarhús skulu byggð í tengslum við byggð á núverandi bæjartorfu/býli.*
- *Nýjar byggingar skulu taka mið af landslagi og yfirbragði byggðar.*
- *Taka skal tillit til fjarlægðarmarkna lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishúsa.*
- *Heimilt er að stunda minni háttar atvinnurekstur þar sem er föst búseta.*
- *Ylrækt og garðrækt skal efla, m.a. með því að leita leiða til að lækka rafmagnskostnað.*

Í kafla 2.1.3 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **frístundabyggð**:

- Ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi sumarhúsabyggð

- Sameiginlegar veitur verði þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis.

Í samnefndum kafla er eftirfarandi **leiðir** gefnar upp til þess að framfylgja stefnunni:

- *Frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum, þannig að þjónustukerfi s.s. vegir og veitur nýtist sem best.*
- *Frístundabyggð verður ekki heimiluð á úrvals ræktunarlandi eða á vásvæðum vegna náttúruvár.*
- *Skipulag byggðar taki mið af því að halda opnum gömlum leiðum, þ.m.t. hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og almennum gönguleiðum milli aðliggjandi svæða.*
- *Skipulag byggðar tryggi aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.*
- *Á frístundasvæðum skulu lóðir að jafnaði vera á stærðabilinu ½ til 1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Í ákveðnum tilfellum geta frístundalóðir verið minni og nýtingarhlutfall allt að 0,05.*
- *Aukahús á lóðum skulu að jafnaði ekki vera stærri en 40 m².*
- *Heimilt er að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.*
- *Við skipulag byggðar skal hugað að því að merkar jarðmyndanir og náttúruminjar verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.*

Í kafla 2.4.2 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir **reiðleiðir**:

Helstu reiðleiðir eru kortlagðar og fylgja þær gjarnan vegslóðum, smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Megin reiðstígar tengja saman byggð og hálendi, en eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt hestamennsku og tengdrar þjónustu í sveitarfélaginu. Unnið er að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd utan þjóðvega er umferð jafnan háð leyfi landeigenda.

Í samnefndum kafla er eftirfarandi **leiðir** gefnar upp til þess að framfylgja stefnunni:

- *Haldið verði áfram uppbyggingu reiðstígakerfis í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.*
- *Meginreiðleiðir verði greiðfærar allt árið og malarbornar þar sem þess gerist þörf.*

- *Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum eins og unnt er til að bæta öryggi hestamanna og bílaumferðar.*
- *Unnin verði framkvæmdaráætlun fyrir reiðvegagerð sem felur í sér forgangsörðun verkefna.*

3.4 Deiliskipulag

Umrætt svæði hefur ekki verið deiliskipulagt áður og er unnið að tillögu að deiliskipulagi samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu. Búið er að leggja inn skipulagslýsingu sem náði bæði yfir aðalskipulagsbreytingu þessa sem og nýtt deiliskipulag fyrirhugaðrar frístundabyggðar. Lýsingin var afgreidd og samþykkt til kynningar og umsagna af sveitarstjórn þann 21. mars 2024. Í vinnslutillögu deiliskipulags á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir: Frístundabyggð með allt að 20 frístundahúsum (F).

3.5 Minjar

Gerð hefur verið heimildarkönnun fornminja fyrir sveitarfélagið. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 2020, eru skráðar fornleifar á landi Langholtskots. Engar minjar eru þó þekktar innan þess skipulagssvæðis sem breyting á aðalskipulagi tekur til. Við gerð deiliskipulagsins verður samráð haft við minjavörð Suðurlands og verður tekið tillit til þeirra athugasemda, ef einhverjar verða, í deiliskipulaginu.

3 Breyting á aðalskipulagi

Gerð er breyting á sveitarfélagsuppdrætti og greinagerð á eftirfarandi máta.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Ný frístundabyggð F26, um 31 ha, bætist við uppdrátt á landi Langholtskots (landnr. 166796), sem fyrr var skilgreint sem landbúnaðarland.

Legu megin reiðleiðar er breytt á uppdrætti. Núgildandi megin reiðleið liggur eftir gamla kongungsveginum sem liggur eftir Langholtsfjalli meðfram Álfaskeiði og Kerlingarásum. Sú nýja tekur við af þeirri núgildandi og liggur neðan við Langholtsveg og Auðsholtsveg á milli lögbýlanna Ásatúns og Syðra-Langholts. Núgildandi reiðleið verður enn þá opin en verður endurskilgreind og felld undir flokkinn „aðrar reiðleiðir“ í aðalskipulagi.

4.2 Breytingar á greinagerð

4.2.1 Frístundabyggð

Gerð er breyting á kafla 2.1.3 um frístundabyggð. Bætt er við umfjöllun um nýja frístundabyggð F26 og bætist hún við upplýsingatöflu frístundabyggða á eftirfarandi hátt (sjá töflu 1):

TAFLA 1. Frístundabyggð

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing	Jörð
[...]			
F26	Langholtskot	Skipulagssvæðið er 31 ha landspilda úr landi Langholtskots. Gert er ráð fyrir um 15-20 lóðum, allar á bilinu ½ til 1 ha, í samræmi við skilmála aðalskipulags. Svæðið tengist og nýtir veitu- og samgöngukerfi sem fyrir eru. Nýtingarhlutfall lóða er allt að 0,03. Nánari skilmálar verða settir í deiliskipulag.	Langholtskot

5 Umhverfisáhrif

Aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið falla ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 111/2021, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda. Hér á eftir er gerð grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á umhverfi í samræmi við 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Í skipulagsgerð er mat á áhrifum aðalskipulagsbreytinga mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Eftirfarandi umhverfismat á áhrifum téðar aðalskipulagsbreytingar byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

5.1 Valkostir

Hér að neðan er stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) borin saman við fyrirhugaða breytingu í aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í mati á umhverfisáhrifum þessarar aðalskipulagsbreytingar er stuðst við sex umhverfisþætti – tilgreindir í töflu 2. Þessir þættir eru metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið sem tengjast hverjum þætti fyrir sig. Horft er til viðeigandi laga og reglugerða, stefnuskjala á mismunandi skipulagsstigum, auk viðmiða sem gefin eru út af hinu

opinbera. Í matinu er einnig leitast við að svara matsspurningum hvers umhverfisþáttar fyrir sig (sjá töflu 2).

TAFLA 2. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÆTTIR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Loftslag Losun GHG Kolefnisbinding	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2024.</i> - Draga úr samfélagslosun. - Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar. - Aukin binding kolefnis í jarðvegi og gróðri. - Verndun kolefnisríks jarðvegs og gróðurs í skipulagi. <i>Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024</i> - Aukin umhverfisvitund íbúa Suðurlands svo kolefnisspor okkar dragist saman. <i>Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.</i> - Stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda í sátt við samfélag og náttúru, t.d. aukinni nýtingu jarðhita sem er ríkulegur á svæðinu. - Stuðla að endurheimt landgæða með gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.	Hefur stefnan áhrif á loftslagsmál?
Gróður og dýralíf Vistkerfi Gróðurfar Jarðvegur Búsvæði dýra	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> - Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg, að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.</i> - Stuðla að endurheimt landgæða með gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands. <i>Vistgerðakortlagning</i> <i>Náttúrufræðistofnunar.</i> - Vistgerðir svæðisins:	- Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? - Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?

	○ Tún og akurlendi ○ Hraungambravist • VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr. Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.	
Land og landslag Landnotkun Landslag Ásýnd	Landsskipulagsstefna 2024-2038. • Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. • Frístundabyggð verði almennt á afmörkuðum samfelldum svæðum sem skerða ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til náttúruverndar. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. • Leitast skal við að halda dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu. • Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta skal samræmis við nálægar byggingar. • Landnotkun stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. • Svæði sem flokkast sem gott landbúnaðarland, flokkur I og II) verði áfram nýtt til landbúnaðar, einkum matvælaframleiðslu. • Landbúnaður, þ.m.t. ylrækt og garðrækt, verði áfram stundaður með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum. • Landbúnaðar verði efldur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.	• Hefur stefnan áhrif á landnotkun svæðisins? • Hefur stefnan áhrif á ásýnd og landslag svæðisins?
Samfélag Byggð Atvinnulíf Ferðaþjónusta	Landsskipulagsstefna 2024-2038 • Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 • Bætt menning, velferð, menntun og samstarf svo lífsgæði eflist og mannlíf á suðurlandi blómstri. • Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni nýsköpun,	• Hefur stefnan áhrif á íbúa nærliggjandi lóða? • Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? • Hefur stefnan áhrif á styrkingu byggðar? • Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn?

	framleiðni og fjölbreyttari atvinnutækifærum. <i>Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.</i> - Efla atvinnulíf og bæta möguleika landeigenda til fjölbreyttrar landnýtingar. Stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum m.a. með fullnægjandi lóðaframboði. - Stuðla að hagkvæmri þróun landbúnaðar samhliða því að vernda gott akuryrkjuland til matvælaframleiðslu. - Unnið verði markvisst að skipulagi og uppbyggingu ferðaþjónustu í samvinnu við ferðaþjónustuaðila.	
Minjar og verndarsvæði Fornminjar Jarðmyndanir Verndarsvæði	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <i>Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032.</i> - Stuðla að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða. <i>Aðalskráning fornminja í Hrunamannahreppi 2020.</i> - Skráðar fornleifar á landi Langholtskots. Engar fornleifar skráðar á fyrirhuguðu frístundasvæði. <i>Náttúruminjaskrá.</i> - Engar náttúruminjar skráðar á skipulagssvæðinu. <i>Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.</i> - Skipulagssvæðið fellur undir flokkinn VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. Líkt og mest allt Suðurlandsundirlendið. <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i>	Hefur stefnan áhrif á náttúruminjar, fornminjar og/ eða verndarsvæði?
Heilsa og öryggi Náttúruvá Umferðaröryggi Útivistarmöguleikar Mengun og hávaði Grunnvatn	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038</i> Skapa aðlaðandi og öruggt umhverfi og veita möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.	- Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi á svæðinu? - Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika svæðisins?

	- Hugað sérstaklega að hættu sem fylgir gróðurældum og hugað að flóttaleiðum og brunavörnum í frístundabyggð. Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. - Stuðla að bættum möguleikum til útivistar, m.a. með göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum. - Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, m.a. með fækkun tenginga við stofnvegi. - Unnið verði að eflingu á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála í samstarfi við nágrannasveitarfélög. - Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Reglugerð um hávaða 724/2008. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
--	--	---

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

5.3.1 Breytt skipulag

Áhrif á loftslag eru metin óveruleg. Fjölgun frístundalóða valda því að umferð að og frá svæðinu eykst, við það eykst losun gróðurhúsalofttegunda (GHG) lítillaga. Einnig fylgir losun GHG við byggingu nýrra mannvirkja og innviða. Að þessu sögðu er um litla byggð að ræða og stórar lóðir. Sem mótvægisáðgerð við aukna losun verður skilyrði sett í deiliskipulag svæðisins að á minnst 15-25% af hverri landareign verði gróðursettur skógur.

Áhrif á loftslag vegna nýrrar reiðleiðar eru metin óveruleg. Þar sem þessi partur af aðalskipulagsbreytingunni er einungis breyting á skilgreiningu reiðleiðar sem er nú þegar til staðar, þ.e. úr óskilgreindri reiðleið í megin reiðleið í aðalskipulagsuppdretti.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óveruleg. Svæðið er ágætlega gróið þannig að rask kemur til með að eiga sér stað á framkvæmdatíma en að honum loknum verður svæðið grætt upp. Vistgerðir svæðisins hafa lágt verndargildi á lista Bernarsamningsins. Svæðið er þó innan mikilvægs fuglasvæðis líkt og allt Suðurlandsundirlendið.

Áhrif nýrrar reiðleiðar á gróður og dýralíf eru metin óveruleg vegna þess að staðsetning hennar er á svæði sem hefur nú þegar orðið fyrir raski vegna vegagerðar.

Áhrif á land og landslag eru metin óveruleg. Ásýnd skipulagssvæðisins kemur til með að breytast lítillega við uppbyggingu frístundabyggðar en mikið er af frístundabyggðum á svæðinu nú þegar. Skilmálar verða settir í deiliskipulag um að mannvirkin skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi og landslagi. Nýr partur megin reiðleiðar fylgir legu tveggja þjóðvega, Langholtsvegs og Auðsholtsvegs. Vegna þessa eru áhrif á ásýnd og landslag metin óveruleg þar sem leiðin fellur vel að núverandi ásýnd svæðisins.

Áhrif á landnotkun er metin óveruleg. Á mynd 2 má sjá hvernig skipulagssvæðið fellur að þrívíddarlíkani af landslaginu. Þar kemur fram að lögun og stærð svæðisins eru mótaðar með tilliti til holta og hæðardraga, þannig að dregið sé úr röskun á ræktanlegu landi. Með þessari afmörkun er leitast við að hlífa úrvalsræktunarlandi og nýta fremur það land innan lögbýlisins sem hefur takmarkað notagildi til landbúnaðar. Skerðing á ræktunarlandi er því takmörkuð og nær einungis til jaðarsvæða túna. Hún hefur óveruleg áhrif á landbúnaðarnýtingu og er talin ásættanleg í ljósi umfangs og staðsetningar svæðisins.

Til þess að hver sumarbústaðarlóð innan svæðisins nái hagnýtri stærð, um 0,5–1 ha, teygist skipulagssvæðið lítillega inn á tvö tún. Á neðra túninu verða þó ekki skipulagðar sumarbústaðarlóðir að svo stöddu, en svæðið er skilgreint sem mögulegt stækkunarsvæði til framtíðar. Þangað til verður túnið áfram nýtt undir hefðbundna landbúnaðarstarfsemi. Stærð svæðisins byggist einnig á mati á eftirspurn eftir frístundalóðum á svæðinu og hagkvæmni í uppbyggingu innviða, svo sem vegakerfis og vatnsveitu.

Staðsetning frístundabyggðarinnar var valin með hliðsjón af landnotkun í nágrenni, sbr. mynd 3. Rétt sunnan við skipulagssvæðið eru þegar fyrir hendi frístundabyggðirnar F18, F20, F22 og F24. Þannig tengist svæðið núverandi frístundabyggð og stuðlar að samfelldu byggðamynstri á svæðinu án þess að raska landbúnaðarlandi umfram nauðsyn.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Uppbygging á frístundabyggð hefur jákvæð áhrif þar sem hún er bæði atvinnuskapandi og tekjuaukandi fyrir bæði landeiganda og sveitarfélag. Breytingin kemur ekki til með að hafa áhrif á íbúa á nærliggjandi lóðum. Á svæðinu eru margar frístundabyggðir nú þegar (F18, F20, F22, F24) og því er svæðið vel staðsett til þessarar breytingar sbr. skilmála í aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

Áhrif nýrrar reiðleiðar á samfélag eru metin jákvæð. Nýja reiðleiðin mun auka aðgengi í neti megin reiðleiða sveitarfélagsins, þar sem það nýtist nú betur allt árið um kring. Gamla reiðleiðin fylgdi Konungsveginum sem er illfær á veturna. Þessi breyting ýtir því undir aukna útveru heimamanna sem og gesta svæðisins.

Áhrif á minjar- og verndarsvæði eru metin óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins og það nýtur ekki verndar.

Áhrif á heilsu og öryggi á svæðinu eru metin óveruleg/jákvæð.

Helsta náttúruvæðin sem þekkt er á svæðinu eru flóð. Hvítá getur flætt yfir bakka sína og er hættusvæði/ flóðasvæði hennar og nærliggjandi vatnasviða merkt inn á skýringarupphrátt 3: Byggð og hættusvæði í greinagerð aðalskipulags. Skipulagssvæðið fellur ekki innan flóðamarka en dæmi eru um að láglendið neðan við það verði umflotið. Síðasta 90 ára flóð í Hvítá skeði í desember árið 2006.

Hugað verður sérstaklega að hættu sem fylgir gróðureldum. Gerð verður grein fyrir flóttaleiðum og brunavörnum í deiliskipulagi. Lóðhafar verða upplýstir um flóttaleiðir og viðbragðsáætlanir vegna þeirra.

Frístundabyggðin verður tengd vatnsveitu Flúða og því eru engin áætluð áhrif á grunnvatn. Lögum og reglugerðum um hverskyns mengun verður framfylgt á svæðinu. Skilmálar verða settir í deiliskipulag um fráveitu. Landeigandi Langholtskots hefur viljrði fyrir því að tengjast hitaveitu Ásatúns, nærliggjandi jarðar.

Stefnan er metin hafa óveruleg áhrif á umferðaröryggi svæðisins, núverandi tenging við stofnveg (Langholtsveg) verður nýtt sem aðkomuvegur að frístundabyggðinni. Umferð mun þó aukast lítillega um svæðið við uppbyggingu og þar með hljóð vegna umferðar.

Ný reiðleið er metin hafa jákvæð áhrif á heilsu. Með henni eru útivistarmöguleikar svæðisins bættir sem og aðgengileiki allan ársins hring.

5.3.2 Gildandi skipulag (núll kostur)

Áhrif á loftslag, gróður og dýralíf, ásynd og landslag, og heilsu og öryggi eru metin óveruleg. Svæðið helst eins og það er í dag. Rask verður ekki umfram heimildir í gildandi aðalskipulagi.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er unnið að því að efla atvinnulíf með því m.a. að stuðla að fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifærum s.s. ferðamennsku. Stefnan leggur einnig áherslu á að tryggja hagkvæma þróun landbúnaðar.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru metin óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins og það nýtur ekki verndar.

5.4 Niðurstaða og samantekt

Með þessari skipulagsbreytingu er bæði verið að auka framboð af frístundalóðum í sveitarfélaginu og auka útivistarmöguleika heimamanna sem og gesta. Með breytingunni er verið að endurskilgreina landbúnaðarland sem að nýttist mest illa vegna halla og búa til atvinnuskapandi og tekjuaukandi tækifæri fyrir landeiganda og sveitarfélag. Í

deiliskipulagi skal setja skilmála um yfirbragð bygginga til að fella þær sem best að núverandi svæði, náttúrufari og landslagi. Ganga þarf frá fráveitu og neysluvatni á fullnægjandi hátt til að koma í veg fyrir mengun. Heildaráhrif breytingarinnar eru metin jákvæð (sjá töflu 3 og 4).

TAFLA 3. Samantektartafla umhverfismats aðalskipulagsbreytingarinnar.

Matsþættir	Breytt skipulag	Gildandi skipulag (núll kostur)
Loftslag	0	0
Gróður og dýralíf	0	0
Land og landslag	0	0
Samfélag	+ 1	+ 1
Minjar og verndarsvæði	0	0
Heilsa og öryggi	+ 0,5	0
Heildaráhrif:	+ 1,5	+ 1

TAFLA 4. Matskvarði umhverfismats.

Jákvæð áhrif	Jákvæð/ óveruleg áhrif	Óveruleg áhrif	Óveruleg / neikvæð áhrif	Neikvæð áhrif
--------------	------------------------	----------------	--------------------------	---------------

6 Kynning, samráð og ferli

Skipulagslýsingin var kynnt í mars 2024. Umsagnir bárust frá Brunavörnum Árnessýslu, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Rarik og Minjastofnun Íslands. Tekið hefur verið tillit til athugasemda umsagnaraðila.

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi var afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli voru tillögurnar kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á fullnægjandi hátt.

6.1 Umsagnaraðilar

Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Vegagerðinni
- Minjastofnun Íslands
- Rarik

- Hitaveita og vatnsveita – Hitaveita Flúða og nágrennis
- Viðeigandi nefndir og deildir Hrunamannahrepps

6.2 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi:

<i>Mars 2024</i>	Skipulagslýsing unnin, samþykkt af skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Skipulagslýsing kynnt almenningi og samráð haft við Skipulagsstofnun.
<i>Mars-maí 2025</i>	Unnið að tillögu að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi. Samráð við hagsmunaaðila.
<i>Maí 2025</i>	Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillögurnar eru afgreiddar í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli. Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli, lágmark 6 vikur.
<i>Júní-ágúst 2025</i>	Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi sveitarstjórnar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa. Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi samþykkt af sveitarstjórn.
<i>September-október 2025</i>	Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að 3 vikur til að koma með athugasemdir. Að því loknu birtir sveitarfélagið auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur 4 vikur til að staðfesta aðalskipulagsbreytinguna og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.

Heimildaskrá

Gylfi Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson. (2020). Aðalskráning fornminja í Hrunamannahreppi: Áfangaskýrsla 1. Fornleifastofnun Íslands SES. Reykjavík. FS779-17101.

Hrunamannahreppur og Steinholt. (2017). Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032: Greinagerð.

Náttúrufræðistofnun Íslands. (á.á.). Náttúruminjaskrá. Sótt af: [Náttúruminjaskrá | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)

Náttúrufræðistofnun Íslands. (á.á.). Vistgerðakort NÍ [kortasjá]. Sótt af: [NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS \(ni.is\)](#)

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga [SASS]. (2020). Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024. Sótt af: [SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS \(sass.is\)](#)

Verkefnastjórn aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. (2024). Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytið. Sótt af: [Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum \(co2.is\)](#)

Þingsályktun um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.